

9. Skipun fjallskilastjóra

Fjallskilastjórar eru skipaðir af sveitarstjórn, kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar. Eftirfarandi aðilar eru skipaðir fjallskilastjórar í Þingeyjarsveit 2014:

Böðvar Baldursson Heiðargarði, í Aðaldæladeild
Ingvar Kristjánsson Böðvarsnesi, í Fnjóskdæladeild
Magnús Skarphéðinsson Svartárkoti, í Austu- Bárðdæladeild
Ólafur Ingólfsson Hlíð, í Kinnardeild
Sigurður Atlason Ingjaldsstöðum, í Reykdæladeild
Vagn Sigtryggsson Hriflu, í Vestur-Bárðdæladeild
Samþykkt samhljóða.

10. Skipun fulltrúa á aðalfund Eyþings

Þingeyjarsveit á sæti þriggja fulltrúa á aðalfund Eyþings, samtaka sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsveit. Fyrir liggur eftirfarandi tillaga um kjör fulltrúa:

Arnór Benónýsson og Árni Pétur Hilmarsson til vara.
Margrét Bjarnadóttir og Dagbjört Jónsdóttir til vara.
Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson til vara.
Skipun fulltrúa í fulltrúaráð Eyþings:

Arnór Benónýsson og Margrét Bjarnadóttir til vara.
Samþykkt samhljóða.

11. Samningar um ráðgjöf vegna skólamála í Þingeyjarskóla

Fyrir fundinum liggja þrjú samningar milli sveitarfélagsins og eftirtalda aðila um ráðgjöf vegna skólamála Þingeyjarskóla:

Samningur við HLH ehf. um rekstur og framtíðarskipulag Þingeyjarskóla, samningur við Ráðbarð sf. um viðhalds- og rýmisþörf og samningur við Skólastofuna slf. rannsóknir-ráðgjöf um skólaskipan. Heildarkostnaður er allt að 3,6 millj.kr.

Oddviti lagði til að samningarnir yrðu samþykktir ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2014, allt að 3,6 millj.kr. sem mætt verði með handbæru fé. Formanni fræðslunefndar falið að kynna samningana í Fræðslunefnd að loknu sumarleyfi.

Samþykkt með fimm atkvæðum, fulltrúar T-listans sátu hjá og lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar T-listans fögnum því að gera eigi vandaða úttekt sem taki til flestra þátta í rekstri Þingeyjarskóla. Hins vegar teljum við það skammsýni að gera ekki nú þegar heildarúttekt á öllu skólastarfi Þingeyjarsveitar og sitjum því hjá við atkvæðagreiðslu um verksamninga þá sem nú eru lagðir fram til samþykktar.“

12. Reynir ráðgjafastofa

Á fundi sveitarstjórnar þann 10. apríl s.l. samþykkti sveitarstjórn tillögu Fræðslunefndar um að samið yrði við Reyni ráðgjafastofu um ráðgjöf varðandi starfsemi Þingeyjarskóla. Formaður Fræðslunefndar leggur til að haldið verði markvisst áfram með þá vinnu samkvæmt fyrirbyggjandi verkþáttum og tímaáætlun. Heildarkostnaður er 1.5 millj.kr. en þegar hefur

verið samþykktur viðauki að upphæð 300 þús.kr. til verkefnisins. Árni Pétur Hilmarsson tók ekki þátt í afgreiðslu undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu formanns fræðslunefndar og samþykkir 1.2 millj.kr. viðauka við fjárhagsáætlun 2014 sem mætt verður með handbæru fé.

Lagt fram til kynningar:

- Fundargerð 164. fundar HNE
- Innanríkisráðuneytið – viðaukar við fjárhagsáætlunir
- Fundargerðir 252., 253., 254. og 255. fundar stjórnar Eyþings
- Fundargerð 2. fundar fulltrúaráðs Eyþings
- Fundargerð 22. fundar stjórnar AE. ehf.
- Fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 26.06.2014

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:40

Arnór Benónýsson
Árni Pétur Hilmarsson
Heiða Guðmundsdóttir
Ketill Indriðason

Margrét Bjarnadóttir
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson



Frá Stórutjarnaskóla

Leikskólakennara eða annan uppeldisfræðimenntaðan starfsmann vantar að leikskóladeildinni Tjarnaskjólí í Stórutjarnaskóla næsta skólaár

Umsóknarfrestur er til 18. júlí nk.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 464-3356 eða 895-6220

Sundlaug og grill

kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veðiðleyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

www.heidarbaer.is



Seljum Veðiðkortið og Útilegukortið



Þingeyjarsveit Auglýsing um deiliskipulag

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 3. júlí s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr, 123/2010 tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir veiðihúsið við Flúðasel, í landi Böðvarsness í Fnjóskadal.

Svæðið er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Tillagan gerir ráð fyrir að byggt verði við núverandi veiðihús og einnig verði reist fimm ný smáhýsi til gistingar auk aðgerðarhúss á lóð sem áætluð er um 0,4 ha að stærð. Áætluð stærð viðbyggingar við núverandi veiðihús er um 15 m², áætluð stærð hvers gistiskála er um 35 m² og áætluð stærð aðgerðarhúss um 28-35 m². Heildar byggingarmagn á lóð er áætlað um 265-277 m² og áætlað nýtingarhlutfall 0,07. Allar nýbyggingar verða á einni hæð.

Tillöguuppráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar frá og með föstudeginum 11. júlí til og með föstudeginum 22. ágúst 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: www.thingeyjarsveit.is/skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur í auglýsingu

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 22. ágúst 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykktir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

Leitum eftir góðu heimili fyrir hundinn okkar sem er labrador tík 3 ára.

Hún búin að vera í sveit í Aðaldal á meðan við höfum verið að koma okkur fyrir í Noregi en nú sjáum við fram á að húsnaðið leyfir ekki dýrahald



Endilega hafið samband í tölvupóst heida@heida.is eða vin okkar Pétur 869 9205

3. Erindisbréf fastanefnda

Sveitarstjóri kynnti erindisbréf fyrir nefndir Þingeyjarsveitar ásamt réttindum og skyldum nefndarmanna.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 30.06.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 30. júní s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

3. liður fundargerðar; Flúðasel í Fnjóskadal, breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið verði frá gerð sérstakrar lýsingar og kynningar á deiliskipulagsverkefninu skv. 3. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

4. liður fundargerðar; Ystafell í Kaldakinn. Umsókn um stofnun lóðar og sameiningu lóða.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun lóðarinnar og breytingu á skráningu spildunnar til Þjóðskrár.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

5. Styrkbeiðni – Skákkfélagið Hrókurinn

Fyrir fundinum liggur erindi frá Hrafn Jökulssyni f.h. Skákkfélagsins Hróksins, dags. 11. júní s.l. þar sem hann óskar eftir styrk að upphæð 100, 50 eða 25 þús.kr. við starf Hróksins í þágu barna og ungmenna á Grænlandi og Íslandi.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Styrkbeiðni – Svartáarkot, menning, náttúra

Fyrir fundinum liggur erindi frá Guðrúnu Tryggvadóttur og Viðari Hreinssyni, ódags. Þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 330 þús. kr. til verkefnisins „Svartáarkot, menning – náttúra“.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Félags- og menningarmálanefndar og felur nefndinni að afla frekari upplýsingar um verkefnið.

7. Tækifærisleyfi – Harmonikkufélag Þingeyinga

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags 18. júní s.l. þar sem Jón Helgi Jóhannsson sækir um fyrir hönd Harmonikkufélags Þingeyinga, tækifærisleyfi vegna hátíðar- og skemmtanahalds. Er hér um að ræða útisamkomu og tvo dansleiki í íþróttahúsinu á Laugum, Þingeyjarsveit, dagana 3. til 6. júní nk.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfið fyrir sitt leyti.

8. Skipun hafnarstjóra í Flatey á Skjálfaflóa

Hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfaflóa hefur hlotið staðfestingu ráðherra. Samkvæmt 4. gr. hafnarreglugerðarinnar ber sveitarstjórn að skipa hafnarstjóra í Flatey.

Samþykkt að skipa Ingólf Pétursson sem hafnarstjóra fyrir Flateyjarhöfn.



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
19.06.2014**

**149. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 3. júlí 2014 kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ketill Indriðason varamaður í forföllum Ragnars Bjarnasonar.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Greiðslur fyrir setu í nefndum og sveitarstjórn
2. Ráðningarsamningur sveitarstjóra
3. Erindisbréf fastanefnda
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 30.06.2014
5. Styrkbeiðni – Skákfélagið Hrókurinn
6. Styrkbeiðni – Svartárkot, menning, náttúra
7. Tækifærisleyfi – Harmonikkufélag Þingeyinga
8. Skipun hafnarstjóra í Flatey á Skjálfandaflóa
9. Skipun fjallskilastjóra
10. Skipun fulltrúa á aðalfund Eypings
11. Samningar um ráðgjöf vegna skólamála í Þingeyjarskóla
12. Reynir ráðgjafastofa

1. Greiðslur fyrir setu í nefndum og sveitarstjórn

Oddviti lagði fram tillögu um greiðslur fyrir setu í nefndum sveitarfélagsins og sveitarstjórn.

Laun skulu vera hlutfall af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín sem nemur 10% af þingfararkaupi og oddviti fær laun sem nemur 15% af þingfararkaupi. Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 2,5% af þingfararkaupi og oddviti 3,5%. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 4% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Nefndarmenn fá 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund í nefndum og formaður nefnda fær 3,5%. Greiðslur fyrir akstur verða samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins hverju sinni að frádregnum 5 km á hvorri leið að heiman og heim.

Samþykkt samhljóða.

2. Ráðningarsamningur sveitarstjóra

Oddviti kynnti endurnýjaðan ráðningarsamning við Dagbjörtu Jónsdóttur um að hún gegni starfi sveitarstjóra Þingeyjarsveitar.

Sumartónleikar við Mývatn 2014

12. júlí - laugardagur kl. 21.00 Reykjahlíðarkirkja

13. júlí - sunnudagur kl. 21.00 Skútustaðakirkja

Blóðheitar ástríður Suður-Ameríku og Evrópu!

Flytjendur eru Hlín Péturdóttir Behrens, sópran, Pamela de Sensi, flauta og Páll Eyjólfsson, gítar

Þau flytja þekkt meistaraverk fyrir sópran, flautu og gítar frá Ítalíu, Frakklandi, Puerto Rico, Brasilíu og Argentínu. Einnig verður frumflutt verkið Gala eftir Steingrím Þórhallsson, organista og tónskáld.

Aðgangur ókeypis. Verið velkomin!

Fornir fimmtudagar – Svalbarð í Þistilfirði

Fimmtudaginn 17. júlí klukkan 17:30 tekur Sigtryggur Þorláksson á móti gestum í kirkjunni á Svalbarði, sýnir kirkjuna og segir sögu hennar. Að því búnu munu fornleifafræðingar sem nú vinna að uppgrefti á staðnum gera grein fyrir sínum störfum og fræða um fornleifar á svæðinu. En þar hefur m.a. verið grafið í miklum öskuhaug sem á upptök sína allt aftur til víkingaaldar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hins þingeyyska fornleifafélags, www.fornleifafelag.is

Hið þingeyyska fornleifafélag.



Kaffihlaðborð og myndlist

Í Kiðagili í Bárðardal eru glæsileg kaffihlaðborð alla sunnudaga frá 14:00-17:00. Nú stendur yfir myndlistarsýning Sighvats Karlssonar sóknarprests á Húsavík.

Allir Velkomnir

Fosselsskógur Útivistarskógur



Skógræktarfélag S-Þingeyinga

Viltu njóta kyrrðar, ganga eftir merktum gönguleiðum, hlusta á fuglasöng og njóta ilmsins af trjáplöntum og gróðri. Þá er Fosselsskógur rétti staðurinn.

Fosselsskógur er sunnan við bæinn Vað, austan megin við Skjálfandafljót, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal. Fólksbílafæri er að Geiraseli og áfram niður að fljótinu.

27.tbl.
10. júlí
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Útimarkaður

verður á Fosshóli laugardaginn 12 júlí frá kl 11-17.

Kl. 14.30 Tískusýning - vörur af Goðafossmarkaði.

Ljúf tónlist, verslanirnar opnar.

Handverksfólk að störfum, lummur í boði H.M.H.

Ennþá er pláss fyrir söluborð - kostar 1000 kr.

Sjáumst hress og kát

Handverkskonur milli heiða

Upplýsingar gefur Sigrún 8660429

FRÁ VERSLUNINI GODAFOSSI

Við ætlum að bjóða uppá kaffidrykk að eigin vali eða heitt súkkulaði með rjóma og tertusneið á 1100 krónur, ís í brauði á 150 krónur og svo verður 50% afsláttur af nammi úr nammibarnum eins og alla aðra laugardaga :)